

20 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóð Staðarfellsskólans“,
9. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. febr. 1948.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrasjóð Staðarfellsskólans.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrasjóður Staðarfellsskólans. Stofnfé hans er 1000.00 — eitt þúsund — krónur, gefið 29. maí 1944 af hjónunum Steinunni Þorgilsdóttur og Þórði Kristjánssyni á Breiðabólstað í minningu dóttur þeirra Ingibjargar Halldóru (f. 29. maí 1919, d. 31. ágúst 1936).

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja námsmeyjar Staðarfellsskólans, sem veikjast á meðan þær dvelja á skólanum eða eiga við örðugleika að etja sökum heilsubrests.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri peningastofnun. Áskotnist honum eignir svo sem gjafir, áheit eða á annan hátt, skulu þær eignir lagðar við höfuðstól sjóðsins, og lúta sömu lögum og reglum, sem aðrar eignir hans.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Skólaráð Staðarfellsskólans hefur á hendi yfirstjórn sjóðsins í samráði við forstöðukonu skólans, og hefur formaður skólaráðs reikningshald hans. Endurskoðendur sjóðsins skulu vera sóknarpresturinn í Staðarfellssókn og oddvitinn í Fellsstrandarhreppi. Úthlutar það styrkjum úr sjóðnum, þegar hann er orðinn það stór, að um þá styrki muni.

6. gr.

Hætti kvennaskólinn á Staðarfelli störfum, skal sjóðnum ráðstafað, ásamt öðru fé skólans, þó í sem mestu samræmi við tilgang sjóðsins og skipulagsskrá þessa.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Sjórnartíðindum.